

Nýtt deiliskipulag fyrir Snókalönd – umsögn vegna athugasemda.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. desember 2022 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið nær yfir gamla hraunnámu sem er í dag skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í gildandi aðalskipulagi. Innan skipulagsmarka er gert ráð fyrir 1 lóð á hluta svæðisins með möguleika á stækkun eða fleiri lóðum. Á lóðinni er gert ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingum tengdum norðurljósa- og stjörnuskoðunum. Ef bætt verður við fleiri lóðum er gert ráð fyrir svipaðri starfsemi. Deiliskipulagssvæðið er 14.5 ha. Deiliskipulagið var auglýst tímabilið 14.12.2022-23.1.2023 og sent til umsagnar:

- Basecamp á Íslandi
- Náttúrufræðistofnunar
- Minjastofnunar
- Kópavogsbæ
- Ölfus
- Grindavík
- Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness
- Vegagerðarinnar
- Umhverfisstofnunar
- Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogssvæðisins.

Það bárust 7 athugasemdir:

1. Athugasemd dags 20. janúar 2022 frá Kormáki Hermannsyni Basecamp Iceland


Mig langaði til þess að gera eftirfarandi athugasemd við deiliskipulagið sem nú er í auglýsingu. Norðurljósaskoðun er eitt helsta aðdráttarafl Íslands yfir vetrarmánuðina en það er mikilvægt fyrir starfsemi eins og þá hjá Aurora Basecamp að aðstaðan sé nýtanleg allt árið. Ég vil þess vegna gjarnan tryggja það að við getum jafnframt nýtt þessa aðstöðu til viðburða af ýmsu tagi en það hefur verið vinsælt hjá fyrirtækjum sem annast viðburði að bjóða upp á aðstöðuna í Aurora Basecamp vegna þess hversu sérstæð hún þykir.

Ég vona að þetta hljóti góðan hlómgrunn.

Svar við athugasemd.

Það er rétt að yfir sumarmánuðina er ekki hægt að stunda stjórn- né norðurljósaskoðanir og því er hægt að samþykkja að yfir sumarið sé hægt að nota svæðið fyrir viðburði í samræmi við þau lög og reglugerðir sem gilda um þannig mannamót og viðburði. Við munum bæta því inni greinargerðina.

2. Athugasemd dags 18. janúar 2023 frá Minjastofnun Íslands

Hafnarfjarðarbær Berglind Guðmundsdóttir Umhverfis- og skipulagssvið Norðurhella 2 220 Hafnarfirði	Reykjavík, 18. janúar 2023 MÍ202212-0063/ 6.09 / Þ.H.	 Minjastofnun Íslands The Cultural Heritage Agency of Iceland Minjavörður Reykjaness Suðurgötu 39 101 Reykjavík (354) 570 13 14 (354) 845 85 10 www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280
Efni: Snókalönd í Hafnarfirði – tillaga að deiliskipulagi Minjastofnun Íslands hefur móttekið erindi skipulags- og umhverfissviðs Hafnarfjarðarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í Snókalöndum, austan Bláfjallavegar í Hafnarfirði. Fylgigögn voru skipulagsuppráttur dagsettur 30. nóvember 2022 ásamt greinargerð, <i>Snókalönd – Deiliskipulag</i>. Skipulagssvæðið liggur í gamalli hraunnámu og er að mestu raskað. Fornleifaskráning liggur fyrir á svæðinu; Atli Rúnarsson: <i>Fornleifa-skrá Hafnarfjarðar IX. Kaldársel og nágrenni</i> (Hf. 2021). Engar þekktar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins. Á reitnum standa þrjár byggingar (kúlutjöld) auk gáms fyrir salerni. Engar byggingar falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir skipulagstillögunna.		
Virðingarfyllst,  Þór Ingólfsson Hjaltaín Minjavörður Reykjaness		

Afrit sent: Skipulagssstofnun

Svar við athugasemd.

Umhverfis- og skipulagssvið þakkar Minjastofnun fyrir þessa umsögn.

3. Athugasemd dags 16. janúar 2023 frá Snorra Sigurðssyni sviðsstjóra náttúruverndarsviðs, Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. desember 2022, þar sem bent er á að deiliskipulagstillaga um Snókalönd við Bláfjallaveg sé í auglýsingu.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um skipulagslýsingu tillögunnar þann 27. júní 2022. Þar kemur fram sú ábending að þótt áætlað uppbyggingarsvæði fyrir ferðapjónustu (bílastæði, byggingar fyrir aðstöðu, göngustígur) séu á þegar röskuðu svæði þá sé það í nágrenni hraunflæmis sem er enn að stórum hluta óraskað og sem falli undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Bent var á að mikilvægt væri að uppbygging innviða á svæðinu leiði ekki af sér frekara rask en fyrir er. Leggja ætti mat á hversu heillegt hraunið sé innan skipulagssvæðisins og hlífa óröskuðum hluta þess eins og hægt er.

Í deiliskipulagstillögunni er áætlaðri uppbyggingu lýst nánar og einnig gert grein fyrir svokölluðu myrkvunarsvæði þar sem ljósmengun á ekki að vera til staðar. Innviðauppbyggingin er að öllu leyti innan raskaða svæðisins en Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrri ábendingu um að hlífa óröskuðum eða lítt röskuðum jarðminjum innan skipulagssvæðis eins mikið og mögulegt er.

Vegslóðar eru vel sýnilegir utan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Stefna ætti að því að fjarlægja ummerki um þá til að endurheimta ásýnd hraunsins. Það ætti að fara vel saman með markmiðum um myrkvunarsvæði. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Svar við athugasemd sem sent var með tölvupósti þann 16. janúar 2023.

Sæll Snorri og þakka þér fyrir þessa ábendingu. Við fengum einmitt ykkar viðbrögð á lýsingarstiginu.

Svæðið var allt innmælt og eru deiliskipulagsmörkin alfarið innan raskaða svæðisins og vel það, þar sem við drógum línuna nokkuð frá hinu óraskaða hrauni til að hlífa því.

Það er ekkert óraskað hraun innan skipulagsmarka. Loftmyndin getur aðeins blekkt þar sem græn mosaslikja er komin á yfirborðið.

Innan deiliskipulagssvæðisins eru gamlir slóðar sem verða etv. notaðir eitthvað í nánari framtíð, en eins og sést á uppdrættinum er einungis ein lóð innan deiliskipulagsmarkanna, og er því ekki ólíklegt að fleiri óski eftir að fá þarna lóðir til þess að stunda stjörnuskoðun og þá er ágætt að nota þessa gömlu slóða til að stilla upp einhvers konar gatnakerfi innan svæðisins.

Það eru slóðar þarna útum allt og er það rétt hjá þér að best væri að reyna að fjarlægja þá til að halda ásýnd hraunsins. Við þurfum að skoða hvernig best sé að gera það. En við munum sannarlega hlífa öllu óröskuðu hrauni á þessum stað enda meðvituð um gildi þess fyrir náttúruupplifun og útivist almennt.

4. Athugasemd dags 21. desember 2022 frá skipulagsdeild Kópavogsbæjar.



Kópavogsbær

Digranesvegur
200 Kópavog
Sími 441 000
kopavogur.is

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður
berglindg@hafnarfjordur.is

Kópavogi, 21. desember 2022
2212414/510.00 GGG

Efni: Snókalönd við Bláfjallaveg, deiliskipulag.

Úr fundargerð skipulagsráðs 19. desember sl.

Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 12. desember 2022 um tillögu að nýju deiliskipulagi við Snókalönd við Bláfjallaveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu, sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir einni lóð þar sem gert er ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingarreit, þar sem gert er ráð fyrir byggingum tengdum norðurljósaskoðunum. Meðfylgjandi: Deiliskipulagsuppdráttur dags. 30. nóvember 2022.

Lagt fram. Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlagða tillögu.

Fundargerð skipulagsráðs verður lögð fram á fundi bæjarstjórnar 10. janúar nk.

Virðingarfyllt,



Guðmundur G. Gunnarsson
Ritari skipulagsdeildar

Svar við athugasemd.

Umhverfis- og skipulagssvið þakkar Kópavogsbæ fyrir þessa umsögn.

5. Athugasemd dags 19. desember 2022 frá Umhverfisstofnun.

BJÖRN STEFÁNSSON
2022-12-19 10:30:01 GMT
GoPro

AXEL BENEDIKTSSON
2022-12-19 10:37:50 GMT
GoPro



Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 19. desember 2022
UST202212-109/A.B.
10.05.07

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Snókalönd - Hafnarfjarðarbær

Við er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Í greinargerð kemur fram að Markmiðið með deiliskipulaginu er að afmarka lóð fyrir norðurljósastarfsemi, myrkvunarsvæði, byggingarreit og 40 bílastæðum og fjórum rútustæðum og aðkomu þeirra sem koma í norðurljósaskoðun. Auk þess kemur fram að er að reisa fimm byggingar á einni hæð og heildar byggingarmagn innan byggingarreits er 750 m². Auk þess kemur fram að vatn er keyrt á staðinn og sett á tanka, fráveita er leidd í safntank sem er losaður eftir þörfum og díselknúin ljósavél sér fyrir rafmagn. Möguleiki er á að bora eftir vatni fyrir salerni og slíkt (grátt vatn) en ekki neysluvatni.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem talðar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að hraunasvæðið sé þegar raskað vegna efnistöku og tekur stofnunin undir það, en hins vegar eru óraskaðar jarðmyndanir innan skipulagsvæðisins að mati stofnunarinnar sem rétt er að vernda.

Rask og frágangur

Í greinargerð kemur fram að við Snókalönd séu gamlar hraunnámur. Umhverfisstofnun bendir á að við frágang umræddra námasvæða væri æskilegt að líta til leiðbeininga um efnistöku og frágang sem má nálgast á vefsíðunni namur.is.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Biörn Stefánsson

Svar við athugasemd.

Í þessari tillögu að deiliskipulagi er hvergi gengið á óraskað hraun. Svæðið var innmælt og eru deiliskipulagsmörkin alfarið innan raskaða svæðisins og eru þessar jarðminjar sem taldar eru upp í 1 og 2. mgr. 61. gr laga nr 60/2023 um náttúrvernd ekki að finna innan deiliskipulagsmarka.

Það er ekki verið að raska neinum náttúrfyrirbærum og því á orðalagið "brýn nauðsyn" ekki við. Hér er verið að gera skipulagsáætlun um gamla hraunnámu og er allt svæðið raskað vegna þessa. Þetta er slétt yfirborð með lítilli mosaþekju.

Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort að það séu einmitt ekki brýnir almannahagsmunir að koma fyrir á þessum stað, lágmarks aðstöðu fyrir útivistarfólk, eins og aðgangi að salerni og bílastæðum utan vega til þess að stunda sína útivist. Þarna eru frábærar gönguleiðir í allar áttir.

Umhverfisstofnun bendir á leiðbeiningar um efnistöku og frágang gamalla náma, þær leiðbeiningar eru mjög gagnlegar en það má etv segja í þessu tilfelli að við séum að fara nokkuð óhefðbundar leiðir í landnotkun og frágangi með því að að gera svæðið að norðurljósa- og stjörnuskoðunarsvæði með þeim lágmarks innviðum sem slík starfsemi kallar á.

6. **Athugasemd dags 23. janúar 2023 frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness**

Vakin er athyli á því að hér er um drög að ræða en umsögnin býður staðfestingar heilbrigðisnefndar sem er 30. janúar nk.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT	Garðabær • Hafnarfjörður • Kópavogur Mosfellsbær • Seltjarnarnes
Hafnarfjarðarbær Umhverfis- og skipulagssvið Norðurhella 2 221 Hafnarfjörður	Kópavogur, 25. janúar 2023 Tilvísun: K-18154
Vinnuskjal, drög	
Sent á netföngin: skipulag@hafnarfjordur.is og bergblind@hafnarfjordur.is	
Umsögn heilbrigðisnefndar	
Tillaga að deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg	
Á fundi heilbrigðisnefndar sem haldin var 30. janúar 2023 var lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar frá 12. desember 2022 þar sem óskað var umsagnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir <u>Snókalönd</u> við Bláfjallaveg. Deiliskipulagið nær til <u>Snókalanda</u> sem er aflögð hraunnáma. . Með erindinu fylgdi greinagerð dagsett 23.11.2022 gerð af Landslagi fyrir Hafnarfjarðarbæ. Samkvæmt Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 eru <u>Snókalönd</u> á skilgreindu afþreyingar- og ferðamannasvæði. Lýsing í greinagerð fjallar að mestu um eina lóð, lóð 1, er nær til hluta <u>Snókalanda</u>. Á lóð er gerð ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingum tengdum norðurljósaskoðun. Verði vilji til að stækka umrædda lóð síðar eða skipuleggja fleiri kallar það á deiliskipulagsbreytingu. Tillaga að bókun: Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um áformaða landnotkun á fyrri stigum og gerir engar athugasemdir. Virðingarfyllt, f.h. Heilbrigðiseftirlitsins Páll Stefánsson heilbrigðisfulltrúi	

Svar við athugasemd.

Umhverfis- og skipulagssvið þakkar heilbrigðiseftirlitinu fyrir þessa umsögn.

7. Athugasemd dags 25. janúar 2023 frá vegagerðinni.

Berglind Guðmundsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA
Umhverfis- og skipulagssvið
Norðurbella 2
berglindg@hafnarfjordur.is



Nýtt deiliskipulag við Snókalönd

Efni: Nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg.

Til umfjöllunar er nýtt deiliskipulag við Snókalönd við Bláfjallaveg. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 sem skilgreinir svæðið sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir einni lóð þar sem gert er ráð fyrir aðkomu, bílastæðum og byggingarreit fyrir ferðaþjónustu tengdum norðurljósaskoðunum.

Í dag er svipuð starfsemi á svæðinu, tengd norðurljósaskoðun. Vegtengingar eru til staðar. Leiðarendavegur 402 (áður Bláfjallavegur 4017-02) er skilgreindur sem tengivegur C₃ í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Miðað við að hönnunarhraði vegarins sé 90 km/klst. er lágmarksfjarlægð á milli tenginga 200 m við veginn. Um 300 m eru á milli tenginganna sem eru sýndar á deiliskipulagstillögunni um Snókalönd sem uppfyllir þessar kröfur.

Aftur á móti virðist vera tenging til staðar, samkvæmt loftkorti, á milli þessara tveggja tenginga og því eru þessi skilyrði ekki uppfyllt.

Vegagerðin setur því athugasemd við fjarlægðir á milli vegtenginga á þessum kafla, skýra þarf hvað verður um tenginguna sem sést á loftkorti en er ekki sýnd á deiliskipulagstillögu.

Hafa ber í huga áhrif fyrirhugaðrar uppbyggingar á umferð á Leiðarendavegi 402 og hvort skoða þyrfti að lagfæra veginn samhliða uppbyggingunni.


Einnig þyrfti að skoða áhrif aukinnar umferðar á gatnamót Krýsuvíkurveggar (42-01) og Leiðarendavegar 402.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurbrauni 3
210 Garðabæ
+354 522 1000

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt,



Katrín Halldórsdóttir,
Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Afrit: Bryndís Friðriksdóttir, Svanur G. Bjarnason.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Katrín Halldórsdóttir
Verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar

Svar við athugasemd.

Deiliskipulagstillagan gerir bara ráð fyrir tveimur tengingum eins og deiliskipulagið sýnir. Það kemur einnig fram í greinagerðinni: *ekki er heimilt að nota slóða sem er á milli þessara tveggja vegna umferðaröryggis*. Til þess að skerpa á þessu enn frekar verða settar merkingar inná uppdráttinn. Það þarf að skoða það að laga veginn á þessum stað og ekki síst vegna vatnsverndarsjónarmiða.

**Samantekt:**

Eftir að hafa farið í gegnum allar þær athugasemdir og ábendingar sem borist hafa þá eru það 2 breytingar sem þarf að gera, annars vegar að bæta inn í greinagerðina að viðburðarhald annað en norðurljósa- og stjörnuskoðun, yfir sumarmánuðina, sé heimilt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, og hins vegar að setja inn lokun uppdráttinn sem sýnir skýrt að slóði sem sýndur er á loftmynd sé ekki hugsaður sem tenging fyrir akandi umferð.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt FÍLA

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2